

**Almennt**

Heiti:	Sveitarstjórn Dalabyggðar - 164 (9.8.2018) - Sala eigna - Laugar í Sælingsdal
Fyrirtæki:	Dalabyggð
Mál:	Sala eigna - Laugar í Sælingsdal
Númer:	1609021
Dagsetning fundar:	9.8.2018
Inngangur:	Einar Jón Geirsson hefur óskað eftir því að ræða sölu eigna á Laugum.
Niðurstaða:	Samþykkt
Bókun	Til máls tóku: EJJ, SHG, EIB, SHJ og ABH. Einar Jón kemur með eftirfarandi tillögu. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að setja tillögu Arnarlóns frá 13. maí auk viðbóta frá 18. maí og sameiginlegum fundi núverandi sveitarstjórnar með fasteingasala og tilboðshafa 11. júlí síðastliðinn í íbúakosningu. Eyjólfur leggur til að vísa tillögunni frá. Frávísunartillaga samþykkt með fimm atkvæðum (SHG, RP, ÞJS, EIB, ABH) gegn tveimur (EJJ, SHJ). Tillaga frá Einari Jóni. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að halda íbúafund um stöðuna í Laugamálinu og íbúakosningu um sama mál. Fundurinn skal fara fram innan tveggja vikna. Einar Jón kemur með breytingartillögu. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir að halda íbúafund um stöðuna í Laugamálinu og íbúakosningu um sama mál. Fundurinn skal fara fram innan fjögurra vikna. Eyjólfur leggur til að vísa tillögunni frá. Frávísunartillaga samþykkt með fimm atkvæðum (SHG, RP, ÞJS, EIB, ABH) gegn tveimur (EJJ, SHJ).

Ítarbókun**Bókun:**